

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F143/2023

Reykjavík, 12. desember 2023

Willum Þór Þórsson  
heilbrigðisráðherra  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis leitaði nýverið nafngreindur maður með kvörtun yfir gjaldtöku vegna bólusetningar barna á grunnskólaaldri gegn HPV sýkingum. Nánar tiltekið laut kvörtunin að lögmæti framkvæmdar gjaldfrjálsra bólusetninga í grunnskóla gegn HPV fyrir börn í sjöunda bekk og yngri. Taldi hann um mismunun vegna aldurs að ræða gagnvart eldri börnum þar sem þau fengju ekki að njóta sömu gjaldfrjálsu bólusetningarinnar. Við athugun á málinu vakti það m.a. athygli umboðsmanns að samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi, með síðari breytingum, skal börnum með lögheimili hér á landi boðin bólusetning gegn tilteknum sjúkdómum þeim að kostnaðarlausu, m.a. gegn HPV sýkingum, sbr. 11. tölulíð greinarinnar. Umboðsmaður lauk þó athugun sinni á málinu þar sem skilyrði laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, voru ekki uppfyllt til að kvörtunin yrði tekin til meðferðar og var viðkomandi leiðbeint um að leita til heilbrigðisráðuneytisins með mál sitt.

Í samtali starfsmanns umboðsmanns við viðkomandi í kjölfar framangreindra atvika kom fram að hann hefði leitað til ráðuneytisins vegna málsins. Nokkur samskipti hefðu átt sér stað og hann síðan verið upplýstur um að ráðuneytið tæki undir sjónarmið hans og hygðist bregðast við.

Með vísan til framangreindra upplýsinga er þess hér með óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997 að heilbrigðisráðuneytið upplýsi umboðsmann um hvort ráðuneytið hafi gjaldtöku fyrir bólusetningar barna gegn HPV sýkingum til almennrar skoðunar og þá hvort sú athugun hafi haft í för með sér einhverjar breytingar á fyrirkomulagi bólusetninga eða hvort fyrirséð sé að svo verði. Ef ekki, er þess

Óskað að veittar verði skýringar á því, m.a. með tilliti til 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001 og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1551/2022, um greiðsluáttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist umboðsmanni eigi síðar en 5. janúar nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og  
OPCAT